

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 56/2007

frá 8. júní 2007

um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/116/EB frá 12. desember 2006 um verndartíma höfundarréttar og tiltekinnna, skyldra réttinda (kerfisbundin útgáfa) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/115/EB frá 12. desember 2006 um leigu- og útlánsrétt og önnur tiltekin réttindi, tengd höfundarrétti, á sviði hugverkaréttar (kerfisbundin útgáfa) ⁽³⁾.
- 4) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2006/116/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 93/98/EBE ⁽⁴⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana brott.
- 5) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2006/115/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 92/100/EBE ⁽⁵⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana brott.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

XVII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 9e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB):
„9f. **32006 L 0116**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/116/EB frá 12. desember 2006 um verndartíma höfundarréttar og tiltekinnna, skyldra réttinda (kerfisbundin útgáfa) (Stjtið. ESB L 372, 27.12.2006, bls. 12).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45, og EES-viðbætur nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 372, 27.12.2006, bls. 12.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 28.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 290, 24.11.1993, bls. 9.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 346, 27.11.1992, bls. 61.

9g. **32006 L 0115**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/115/EB frá 12. desember 2006 um leigu- og útlánsrétt og önnur tiltekin réttindi, tengd höfundarrétti, á sviði hugverkaréttar (kerfisbundin útgáfa) (Stjtíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 28).“

2. Textinn í 7. lið (tilskipun ráðsins 92/100/EBE) og 9. lið (tilskipun ráðsins 93/98/EBE) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2006/116/EB og 2006/115/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júní 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.